

Bryndís Sumarliðadóttir

From: WordPress <noreply@arborg.is>
Sent: föstudagur, 18. maí 2018 13:06
To: Bryndís Sumarliðadóttir
Subject: Umsókn um styrki og auglýsingar af vefsíðu

Tegund umsóknar: Styrkur

Umsækjandi: Óli Ben Ólafsson

Kennitala: 0307912159

Heimilisfang: Austurberg 16

Netfang: betabolic@gmail.com

Lýsing verkefnis: Við erum fjölskylda sem er með sveitina Skipar rétt austan við Stokkseyri. Við höfum haldið Afrika Festival(áður þekkt sem Afro Festival) níu ár í röð og verður þetta árið það tíunda. Afrika Festival var stofnað af Alseny Sylla, meistara Djembe trommara frá Gíneu í Afríku og konu hans Kristínu Ósk Sylla. Tilgangur hátíðarinnar hefur aðallega verið að kenna íslendingum og öðrum Afríska list, Djembe trommuslátt og Afro dans. Afrika Festival er fjölskylduhátíð og boðið er uppá leiktæki og leiki fyrir börnin. Seinustu þrjú árin hafa Alseny, Kristín og bróðir Kristínar Óli Ben aðallega séð um skipulag hátíðarinnar. Eftir að Óli Ben hóf þáttöku hefur hátíðin einnig miðað að andlegri vakningu og hefur laðað að fólk í þeim geira með yoga, hugleiðslu og súkkulaði athöfnum. Draumur þeirra er að sameina afrísku listformin við andlega stefnu og mynda sameiningu, skilning og fögnuð meðal fólks á Íslandi. Á hverju ári hafa þau flutt inn trommara og/eða Afro danskennara og samtímis skapað atvinnutækifæri fyrir trommu og dans kennara sem eiga heima á Íslandi. Þetta árið mun Diaka Konate, franskur ríkisborgari upprunnin frá Gíneu koma til landsins og kenna Afro danstímana.

Á hátíðinni er fólki boðið að gista í tjöldum, þar hafa þau aðgang að eldunaraðstöðu, klósettum og ýmsu öðru. Trommutímarnir miðast að því að kenna fólki að spila í sameiningu takta, hrynjanda sem eru frá Gíneu ásamt því að leiðbeina fólki inn í grunnsköpun takta á Djembe trommuna. Afrodanskennslan miðar að því að kenna dansa sem eiga uppruna í Gíneu. Hátíðinn byrjar á trommu athöfn á föstudeginum sem er stýrð af Óla Ben þar sem fólki er boðið að drekka 100% hreint súkkulaði sem er notað sem heilunarplanta útum allan heim. En allur ágóði af þeim athöfnum sem Óli Ben heldur fer í styrktarverkefni og hjálparstarf sem er staðsett í Gíneu. Ýmsir hlutir verða einnig til sölu t.d. djembe trommur og fata efni frá Gíneu til styrktar hjálparstarfinu. Afrískt hlaðborð verður í boði fyrir alla hvort sem þeir taka þátt í hátíðinni eða ekki á laugardeginum þar sem kynning verður á ýmsum réttum frá Gíneu. Tónlistarviðburðir verða á laugardeginum og trommuhringur um kvöldið.

Áætlaður heildarkostnaður fyrir hátíðina er 250.000 en það inniheldur innflutning á Afró dans kennara, launum fyrir trommu og danskennara, nauðsynjavörur fyrir gesti, Afríska hlaðborðið og almennann undirbúning á svæðinu svo sem sköpun útísturtu, skjólveggi fyrir tjaldgesti og skreytingar.

ÁRBORG	
Emnr: 00.81	Mótt: 18/5 '18
Abm: A. Stef.	Mnr: 1806066

Von okkar með þessari hátíð er kynna fólki kraftinn og heilunarmáttinn sem lifir í afrískum listum og matargerð en einnig að skapa sameiningu á meðal allra á Íslandi og ekki sýst meðal fólks sem er af erlendi bergi brotið. Draumur okkar er að þessi hátíð muni líka vera góð kynning fyrir hjálparstarfið sem er staðsett í Gíneu.

Með von um góðar móttökur.

Alseny Sylla, Kristín Ósk, Óli Ben og Fjölskylda.

Fjárhæð styrks sem sótt er um: 250000

Bankanúmer: 0319

Höfuðbók: 26

Reikningsnúmer: 081106

Staður: Skipar, Stokkseyri.

Dagsetning: 6-8 júlí

Ábyrgð - nafn: Kristín Ósk Sylla Ólafsdóttir

Sími: 6917431

GSM: 6900204

--

Þessi tölvupóstur var sendur í gegnum vefsíðu Sveitarfélags Árborgar <http://www.arborg.is>